

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð Sameinaðra verktaka hf. við Háskólann í Reykjavík.

1. gr.

Heiti.

Stofnunin heitir Námssjóður Sameinaðra verktaka hf. við Háskólann í Reykjavík og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur. Heimilisfang er Menntavegur 1, 102 Reykjavík.

2. gr.

Markmið námssjóðsins er að styrkja efnilega námsmenn í tæknigreinum til framhaldsnáms samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar og ákvæðum skipulagsskrár þessarar.

3. gr.

Stofnendur.

Sjóðurinn tekur við námssjóði sem Sameinaðir verktakar hf. stofnuðu til að styrkja efnilega námsmenn í tæknigreinum sem kallaðist Námssjóður Sameinaðra verktaka hf. við Tækniskóla Íslands. Færast allar eignir þess sjóðs til þessa sjóðs við stofnun.

4. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 11.725.000 - krónur ellefu milljónir sjö hundruð tuttugu og fimm þúsund -, sem lagt var fram af stofnendum, sbr. 3. gr. Þar af telst bundinn höfuðstóll kr. 10.000.000 sem ekki má skerða.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum, tilnefndum af Háskólanum í Reykjavík og skal einn þeirra vera formaður. Tilnefning stjórnarmanna skal að jafnaði vera til þriggja ára í senn, þó aldrei lengur en sex ár.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

6. gr.

Aðaltekjustofn sjóðsins er vaxtatekjur. Sjóðinn má ávaxta:

1. Í ríkistryggðum skuldabréfum, bankavíxlum, öruggum skuldabréfum og hlutabréfum.
2. Hjá bönkum, sparisjóðum eða verðbréfasjóðum, sem á hverjum tíma uppfylla skilyrði gildandi laga um starfsemi slíkra stofnana.

Heimilt er sjóðstjórninni að fela banka eða viðurkenndu verðbréfafyrirtæki fjárvörslu og ávöxtun sjóðsins í samræmi við skipulagsskrá þessa.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita viðtöku gjöfum eða öðrum framlögum til sjóðsins og skulu slík framlög leggjast við höfuðstól. Viðtaka slíkra gjafa eða framlaga má þó ekki hafa í för með sér skuldbindingar um tiltekna ráðstöfun eða annað er bindur hendur stjórnarinnar.

7. gr.

Ávöxtun sjóðsins að frádregnum rekstrarkostnaði má verja til að styrkja nemendur til náms samkvæmt 2. gr. Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Þeir nemendur geta sótt um sem eru að útskrifast með háskólagráðu (BSc) og stefna á framhaldsnám (MSc eða Phd) í HR eða við aðra háskóla. Einnig geta nemendur á leið á lokaönn í tæknifræði sótt um styrk. Að öðru jöfnu ganga þeir umsækjendur fyrir, sem komnir eru næst námslokum. Nánar er fjallað um þau atriði sem horft er til við mat á umsóknum í úthlutunarreglum sjóðsins.

9. gr.

Berist ekki umsóknir sem stjórn sjóðsins telur styrkhæfar er heimilt að leggja þá upphæð sem ætluð var til styrkveitinga við höfuðstól eða ákveða að bæta henni við styrkveitingar þegar úthlutun fer næst fram.

10. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

11. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóriá rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

12. gr.

Endurskoðendur.

Sjóðurinn er í vörslu Háskólans í Reykjavík undir yfirumsjón stjórnarmanna en bókhald sjóðsins skal fært sérstaklega og fjárhagur hans aðskilinn frá annarri starfsemi. Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

13. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og skal endurskoðaður ársreikningur liggja fyrir í apríl ár hvert.

14. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

15. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari. Við staðfestingu á þessari skipulagsskrá fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 502/2006.

Nr. 1361

8. nóvember 2022

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 8. nóvember 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 7. desember 2022